Nr. 23.
4.
desbr.

Lög

um

prentsmiðjur.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum og þeim verzlunarstöðum, er lögreglustjóri er búsettur í, er heimilt hverjum þeim, sem er fjár síns fullráði og hefur óflekkað mannorð, að setja prentsmiðju og reka prentiðn, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, er til þess þurfa að vera kaupstaðarborgari, og leysi borgarabrjef handiðnamanna, ef hann hefur það eigi áður á þeim stað. Utan kaupstaða þessara og verzlunarstaða þarf leyfi landshöfðingja til þessa, en það veitist ókeypis. Brot gegn þessu varða sektum frá 25—500 kr.

2. gr.

Allar prentsmiðjur þær, er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða á landi hjer, eru skyldar að láta landsbókasafninu ókeypis í tje 2 eintök og amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi sitt eintakið hvoru af hverju því, sem prentað er, hvort heldur er smátt eða stórt, svo og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn 2 eintök, er annað sje á skrifpappír, og háskólasafninu 1 eintak. Skulu þau send landshöfðingja við fyrsta tækifæri, er fellur tvisvar á ári í júní og septembermánuðum. Sje þetta vanrækt, varðar það sektum eptir atvikum, eigi minna en þreföldu verði þess, sem undan er dregið. Þó má landshöfðingi leyfa, að sektir falli niður að öllu eða nokkru leyti, ef bætt er úr vanræktinni, þegar áminnt er um það.

3. gr.

Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka, og ef þörf gjörist, leggja löghald á öll tæki hennar.

Lov

Nr. 23.
4de
Decbr.

om

Bogtrykkerier.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Kjøbstæderne og de Handelssteder, hvor Politimesteren er bosat, har Enhver, der har fuld Raadighed over sit Bo og et uplettet Rygte, Ret til at anlægge og drive Bogtrykkeri, naar han fyldestgjør de Betingelser, som udfordres for at erhverve Borgerskab i Kjøbstæderne og løser Borgerbrev paa Haandværksnæring, for saa vidt han ikke tidligere har erhvervet et saadant der paa Stedet. Udenfor Kjøbstæderne og de ommeldte Handelssteder kan Ingen nedsætte sig som Bogtrykker uden Landshøvdingens Tilladelse, der meddeles uden Betaling. Overtrædelse heraf straffes med Bøder fra 25 til 500 Kr.

§ 2.

Alle Bogtrykkerier, der allerede ere eller senere maatte blive anlagte, ere pligtige at afgive til Landsbibliotheket 2 Frieksemplarer og til Amtsbibliothekerne i Akureyri og Stykkisholm 1 Frieksemplar til hvert af Alt, hvad der trykkes, Smaat og Stort, samt endvidere til det kongelige Bibliothek i Kjøbenhavn 2 Frieksemplarer, det ene paa Skrivpapir, og til Universitetsbiblioteket 1 Frieksemplar, hvilke Frieksemplarer bør tilstilles Landshøvdingen 2 Gange aarlig, i Juni og September, ved første forefaldende Lejlighed. Forsømmelse heraf anses med en efter Omstændighederne afpasset Bøde, ikke under den tredobbelte Værdi af det Tilbageholdte. Dog kan Landshøvdingen tillade, at Boden bortfalder helt eller delvis, naar Forsømmelsen efter sket Paamindelse oprettes.

§ 3.

Et ulovlig oprettet Bogtrykkeri kan Politimesteren lukke, og om fornødent beslaglægge dets Redskaber.

4. gr.

Nr. 23. 4. desbr. Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sje óvíst, hver eigandi er, eða sje hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefur verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi.

Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Eldri ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, eru numdar úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. desember 1886.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 4.

Ejeren af vedkommende Bogtrykkeri bærer Ansvaret for Overtrædelser af denne Lov. Er Ejeren ukjendt eller fraværende, paahviler Ansvaret Bogtrykkeriets Driftsbestyrer.

Sager i Anledning af Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

Hidtil gjældende Bestemmelser, som ere stridende imod denne Lov, ophæves.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de December 1886.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.